

Ég undirrituð mótmæli því harðlega að vegur verði lagður um Teigsskóg.

Í náttúruverndarlögum segir að náttúrufyrirbærum sé óheimilt að raska nema að nauðsyn krefji, Tvisvar hefur vegurinn sem á að leggja yfir Teigsskóg farið fyrir umhverfismat og í bæði skiptin hefur eindregið verið mælt gegn því að fara þá leið til að stytta aksturleið fólks á leið á syðri hluta Vestfjarða. Það er nefnilega alveg hægt að fara aðra leið, t.d. svokallaða "D-2" og eru flestir sammála um að hún sé besti kosturinn. Svo ég vitni í Ásdísi Hlökk skipulagsstjóra „Þá getum við ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að sú framkvæmd sem hefur minnst neikvæð áhrif á náttúrufyrirbæri – hún sé sú leið sem ber að velja," Allir sérfræðingar sem skoðað hafa málið eru sammála um að Þ-H leiðin um Teigsskóg sé af þeim kostum sem skoðaðir hafa verið sú sem veldur mestum umhverfisspjöllum og óafturkræfum, hún brýtur lög um náttúruvernd og raskar dýra- og lífríki til frambúðar en þarna búa fuglategundir í útrýmingarhættu eins og haförn og aðrar viðkvæmar tegundir.

Eftir því sem ég heyri meira frá fólki sem að málinu kemur, sem býr á svæðinu eða hefur unnið að því að meta það þá virðist þetta snúast um fjármagn og ekkert annað. Fyrir leikmann þá lítur út eins og Vegagerðin hafi haldið íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum í gíslingu með þetta mál í yfir 20 ár og gefið þeim þá úrslitakosti að þessi leið yrði valin eða enginn vegur verði lagður.

Það er löngu orðið brýnt að vestfirðingar fái nýjan veg, en ef þessi leið er valin þá mun það vera ævarandi skömm ykkar og okkar allra.

Lena Hákonardóttir og fjölskylda

Holti Króksfjarðarnesi